

hin helztu lagaboð um sóttvarnarhald á Íslandi, nefnilega til- 1857.
 skipun 8. febrúar 1805, opið bréf 20. júní 1838 og umburðar- 14. marz.
 bréf 5. júlí 1851, og um leið beðið um að lagaboð þessi yrði
 send hlutaðeigandi verzlunarfulltrúum í Norvegi til hliðsjónar
 við skip þau, sem kynni að taka leyfisbréf til Íslands.

Þetta vil eg ekki undan fella að skýra herra stiptamt-
 mannum (amtmaninum) frá til þóknanlegrar vitundar.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- 21. marz. og austur-umdæminu um lögreglugæzlu á Akureyri.

Með þóknanlegu bréfi 11. júní f. á. hafið þér herra amt-
 maður sent dómsmálastjórninni álit sýslumanns Briems, um þá
 uppástúngu yðar, viðvíkjandi lögreglugæzlu á verzlunarstaðnum
 Akureyri, sem stjórnin hafði beðið um í bréfi sínu 20. fe-
 brúar s. á., og sem var þess innihalds, að það fyrst um sinn,
 meðan sýslumaður Briem hefir embætti það sem hann nú er
 í, væri gjört honum að skyldu, að útvega sèr fulltrúa; og
 skyldi þá amtmaður setja þenna mann til þess, sýslumanns-
 ins vegna og þannig að hann hefði alla ábyrgð af, að sjá um
 allt það sem með þarf þegar skip frá útlöndum koma til Íslands
 og að hafa vanalega lögreglugæzlu í verzlunarstaðnum, eins og
 einnig að gjöra þau hin önnur embættisverk, sem lögin leyfa
 að megi trúá slíkum fulltrúa fyrir, og skyldi fulltrúinn fyrir
 þenna starfa sinn fá 50 rd. úr jafnaðarsjóði amtsins, en að
 öðru leyti ætti hann kaup hjá sýslumanninum, eptir því sem
 þeim semdi um.

Þareð nú opið bréf 24. nóvember f. á. ákveður, að kostnað
 þann, er leiðir af þeim ráðstöfunum, sem gjöra þarf til að fram-
 fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglingar og verzlun á Íslandi,
 skuli greiða í hverju amti úr jafnaðarsjóði amtsins, læt eg ekki
 hjá líða að skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar og frekari

1857.
21. marz. auglýsingar fyrir sýslumanni Briem, að þaræð hann hefir lýst því yfir, að hann ekki hefði nokkuð ámoti því, má fyrst um sinn í þessu efni fara eptir uppástungu herra amtmannsins; en fari nú svo, að þessu ekki verði komið við, sökum þess að enginn á verzlunarstaðnum Akureyri sè til þessa hæfur, þá skal framvegis fyrst um sinn haga lögreglugæzlunni á Akureyri á sama hátt og á hinum tveim síðustu undanfögnu árum.

31. marz. **7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um meðalasölu „homöopatha“.**

Eins og herra stiptamtmaðurinn mun komast að raun um af viðlögðu eptirriti af bræfi landlæknis Dr. Hjaltalíns, hefir embættismaður þessi, einkum í tilefni af skýrslum þeim frá læknum í norður- og austur-umdæmunum, sem til hans hafa verið sendar, og svo í tilefni af umkvörtunum lyfsölumanna í Reykjavík og á Akureyri, kvartað yfir því, hversu skottulækningar homöopatha fari í vöxt í tæðum umdæmum; auk þessa hefir hann kvartað yfir ólögmati meðalasölu homöopatha, sem þessu sè samfara, eins og einnig yfir því, að amtmaðurinn í tæðum umdæmum á að gizka ekki hafi veitt sèr nægilega aðstoð í þessu máli. Hann hefir þarhjá skýrt frá, að ekki sè sèr hægt að fullnægja þeirri skipun dómsmálastjórnarinnar í bræfi 19. júlí f. á., að hann sjálfur færi norður til þess að rannsaka meðöl homöopatha, og að þesskonar rannsókn ekki geti átt sèr stað þar nyrðra, sökum þess að vanti áhöld sem til þess þurfi, og hefir hann því beðizt þess, ef móti von hans framvegis eigi að líða homöopöthum skottulækningar þar í landi, og ef þeir, eins og til þessa, eigi að hafa rætt til tálmunarlaust að kaupa meðöl sín í Danmörku eða útlöndum, að þá yrði gjört þeim að skyldu að sýna landlækninum í Reykjavík meðöl þessi, og væri þá sjálfsagt að hann ætti rætt á að rannsaka þau.